

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulsþjóðgarðs

14. fundur

Mánudagur 1. júlí 2024, kl. 14:00 í fjarfundum.

Mættir: Hákon Ásgeirsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Kristinn Jónasson og Magnús Aðalsteinn Sigurðsson.

Fjarverandi: Sigurður Guðjónsson, Anna Hallgrímsdóttir og Þórður Runólfsson.

Fundargerð ritaði Rut Ragnarsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulsþjóðgarðs

Síðasta fundargerð lögð fram

Fundargerð samþykkt.

Staðfundur

Þjóðgarðsráð ákvað að næsti fundur yrði staðfundur miðvikudaginn 28. ágúst kl. 10:00 í Snæfellsjökulsþjóðgarði.

Skipulagið er að taka lengri fund og fara ferð um þjóðgarðinn og funda af þeirri ferð lokinni.

Sýning í Þjóðgarðsmiðstöð

Kvorning Design sem valið var í hönnunarsamkeppni ásamt Yoke og Verkstæðinu til að setja upp sýningu í Þjóðgarðsmiðstöð er komið í gjaldþrot. Það setur verkefnið í uppnám og er verið að skoða hvernig Umhverfisstofnun muni snúa sér í þessu máli.

Heilmikið efni er tilbúið og er í skoðun að Yoke taki yfir verkefnið. Starfsfólk Snæfellsjökulsþjóðgarðs hefur klárað mikið af efni. Verkefnið er komið langt á veg og er í skoðun með Ríkiskaupum.

Mikilvægt að lágmarka tjónið og fá allar afurðir sem eru tilbúnar.

Vegagerðin og aðgengi

Brýnt er að bæta umferðaröryggi að Þjóðgarðsmiðstöð og stefnir Vegagerðin að byrja á því að setja upp gangbraut fyrir gangandi vegfarendur sem tímabundna lausn áður en farið verður í endanleg framkvæmd til að bæta umferðaröryggi.

Rætt var um stækkun á bílastæði við Þjóðgarðsmiðstöð. Bílastæðin eru að hafa áhrif á rútukomur að Þjóðgarðsmiðstöðinni. Helmingi fleiri rútur fara á Malarrif þar sem aðstaðan er betri. Rætt var um að fara verður í skipulagsvinnu við stækkun á bílastæðinu til að bæta aðgengi að svæðinu og fjölga rútustæðum.

Framkvæmdir Vegagerðarinnar við Dritvíkurveg verður frestað um ár. Þjóðgarðurinn heldur sínu dampi þó svo ekki veðið klárað að laga veginn niður að Djúpálónssandi. Búið er að fá verktaka í jarðvinnu fyrir neðra bílastæðið og í malbikun.

Umræða. Beðið hefur verið eftir viðhaldi og uppbyggingu á veginum í þónokkur ár. Áhyggjur eru um öryggi vegfarenda sem bíður vart upp á þungaflutninga m.t.t. fjölda rúta sem keyra niður veginn. Tvö ár í röð hafa orðið slys á litlum rútum.

Óskað verður eftir fundi með Vegagerðinni um hvað er til ráða til að bæta öryggi þar til farið verður í framkvæmdir.

Strandhreinsunarverkefni

Hugmynd að fara í stórt strandhreinsunarverkefni um Beruvík í átt að Skálasnaga á haustmánuðum. Þjóðgarðurinn mun útvega saltsekki sem verða dreift um svæðið undir úrgang og hvetja fólk og félagasamtök til að taka þátt í verkefninu. Þjóðgarðurinn mun fá þyrllu til að sækja sekkina, útvega aðstöðu til að flokka sorpið og koma því í réttan farveg.

Mögulegt að búa til samstarfsverkefni milli Umhverfisstofnunar, Earth Check, Snæfellsbæjar og fleiri til að koma að verkefninu. Útlista þarf hvernig samstarfinu yrði háttað.

Þetta er einn af mörgum stöðum innan þjóðgarðsins sem þarf að fara í strandhreinsun.

Starfsmannamál og önnur mál

Verktaki hefur verið ráðin í dagleg þrif í Þjóðgarðsmiðstöð og vikuleg þrif á starfsmanna aðstöðu á Malarrífi.

Matarlist hefur samþykkt að endurnýja samning umveitingarekstur í Þjóðgarðsmiðstöð í eitt ár.

Talningar í Snæfellsjökulþjóðgarði

Hákon fór yfir talningar í þjóðgarðinn og gestastofur.

Gestir í Þjóðgarðinn í maí voru 41.374 og í júní 62.684. Gestir á Malarrífi í maí voru 6.699 og 12.530 í júní. Gestir í Þjóðgarðsmiðstöð voru í maí 5.327 og í júní 6.495.

Á bæjarhátíðinni Sandara- og Rifsargleði verður afhjúpun á listaverki Liston sem sveitarfélög á Snæfellsnesi gáfu þjóðgarðinum við opnun Þjóðgarðsmiðstöðvar 2023 og opnun listasýning Sigrúnar Sigurðardóttur.

Merkingar á Þjóðgarðsmiðstöð verða að öllum líkindum settar upp í júlí.

Hleðslustöðvar á bílastæði

Er verið að skoða sambærilegt fyrirkomulag og hjá Vatnajökulþjóðgarði. Til að hægt sé að setja stöðvar upp á Malarrífi þarf að stækka rafmagn sem sótt verður um.

Salerni á Djúpalónssandi er búið að opna, en þau eru komin á tíma á endurnýjun.

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur verður staðfundur 28.ágúst 2024, kl. 10.00



SNÆFELLSJÖKULS
ÞJÓÐGARÐUR